

# HAFNARFJÖRÐUR

## SAMÞYKKTIR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, til samræmis við áætlanir Landsnets um tímabundna færslu á Hamraneslinum 1 og 2. Ástæður fyrir þessum breytingum eru að þann 26.03.2018 felldi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála úr gildi ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 21.07.2017 um að samþykkja veitingu framkvæmdaleyfis vegna Lyklafellslínu 1, sem átti að hluta að taka við þeim orkuflutningi sem fer um Hamraneslinur 1 og 2. Þar sem Hamraneslinur 1 og 2 liggja um byggingarlönd Hafnarfjarðar og nálægt núverandi byggð er nauðsynlegt að grípa til bráðabirgðarástafana til þess að geta haldið áfram uppbyggingu íbúðarbyggðar í samræmi við skipulag og aðrar áætlanir.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfesti á fundi sínum þann 23.05.2018 skipulagslýsingu er varðar ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 að undangengnu samþykki skipulags og byggingarráðs.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfesti á fundi sínum þann 22.08.2018 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, dags. 08.08.2018 að undangengnu samþykki byggingarráðs.

Landsnet, sem rekur flutningskerfi raforku á svæðinu, hefur í samráði við Hafnarfjarðarbæ lagt fram áætlun um að færa hluta Hamraneslína 1 og 2 tímabundið fjær byggðinni til þess að þær hindri ekki frekari uppbyggingu Skarðshlíðarhverfis og Hamraneshverfis. Hamraneslinur og þar með bráðabirgðalínurnar yrðu síðan fjarlægðar þegar Lyklafellslína 1 verður tekin í notkun.

Landsnet hf. áformar að færa Hamraneslinur 1 og 2 fjær byggð á um 1,5km kafla við Skarðshlíð. Í stað þess að fara yfir byggðina í Skarðshlíð og meðfram Ásvallabraut að Hamranestengivirki mun línan fara til suðurs út á Hamranesið og tengjast tengivirkinu úr suðaustri. Þessi lína verður rifin þegar Lyklafellslína er komin í notkun og er því einungis um tímabundna færslu að ræða. Línan verður borin uppi af stöguðum stálrorasúlum, svipuðum og notaðar eru við stefnubreytingar í Kröfúlínu 4 og Þeystareykjalínu 1 og ráðgerð eru í Kröfúlínu 3 og Hólasandslínu 3.

Við verkhönnun línunnar er þess sérstaklega gætt að forðast að nota há möstur til að minnka sýnileika. Engir þverbitar eru milli súlnanna og eru þær alveg aðskildar. Verða súlurnar á bilinu 14-27m á hæð en núverandi möstur eru allt að 45m.

Möstur næst endum raflína verða að vera með jarðvíra vegna eldingavarna. Jarðvívar eru settir á línur til að verja búnað í tengivirkjum gagnvart eldingapólis. Vegna jarðvívanna þá verða tvær súlur um 6m hærrí en hinar fjórar. Upp í leiðara er hæst 21m en upp í jarðvírana er hæst 27m.

Í greinargerð aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 segir í gr. 2.2.25 um rafmagn.

### „Rafmagn“

HS veitur sjá um dreifingu rafmagns til Hafnarfjarðar að frátöldu rafmagni til álversins í Straumsvík, sem Landsnet sér um dreifingu til. Að og frá tengivirkinu við Hamranes ganga eftirtaldir línur í eigu Landsnets. 220kV: Hamraneslinur 1 og 2 til austurs áleiðis að Geithálsi. Þær eru báðar á sömu mörstrum og flytja í dag 2/3 þess afls sem notað er í ÍSAL. Þær verða rifnar á skipulagstímabilinu og samkvæmt samkomulagi Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets verður niðurrifi þeirra lokið eigi síðar en 2020. Ísallínur 1 og 2 liggja til vesturs að álverinu í Straumsvík. Þessar línur verða fluttar á skipulagstímabilinu í nýtt línustæði frá tengivirki í Hrauntungum. Búrfellslína 3B liggur til suðausturs áleiðis að Sandskeiði. Landsnet fyrirhugar að leggja til viðbótar tvær 400kV. línur til að tengja

Hamranes við Brennimei og Kolviðarhól vegna virkjana á Hellsheiði. Með þessu er stefnt að því að auka afhendingaröryggi raforku á svæðinu og styrkja orkuflutningskerfið til að anna framtíðarflutningsþörf vegna aukinnar orkuframleiðslu, atvinnuuppbyggingar og þjónustu við dreifiveitur. M.a. hugmyndum um stóriðju á Suðurnesjum og frekari virkjanahugmyndum á svæðinu. Þessar línur verða lagðar í nýtt línustæði að tengivirki í Hrauntungum. - 132kV: Suðurnesjalína 1 til vesturs að Keflavík, hún er í eigu Landsnets. Hún verður rifin á skipulagstímabilinu og fyrirhugað er að leggja í staðinn tvær nýjar 220kV. línur nokkuð sunnan fyrirhugaðs Ofanbyggðavegar frá tengivirkinu til Reykjaness. Hnóðrahótslína sem er nýkomin í eigu Landsnets liggur frá Geithálsi að tengivirkinu við Hamranes og þaðan inn til Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Hluti línunnar hefur verið lagður í jarðstreng og það er krafa Hafnarfjarðar að línan verði öll lögð í jarðstreng innan lands Hafnarfjarðar.

400 kV. tengivirki verður byggt í Hrauntungum, og verður vægi tengivirkisins við Hamranes þá minnkað og verður það venjuleg spennistöð. Engar loflínur munu í framtíðinni liggja að og frá því.

HS veitur hafa fengið framkvæmdaleyfi á strenglögð frá Vatnsskarðsnámu að Krýsvíkurskóla. Gert er ráð fyrir að öll mannvirki á svæðinu verði hituð upp með þeirri orku.

Skilgreining: Vegir, götur og tengd mannvirki og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegi utan þéttbýlis (gr. 6.2.13 í skipulagsreglugerð).

Viðauki við gr. 2.2.25 er eftirfarandi:

Í ljósi niðurstöðu Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 26.03.2018 er varðar Lyklafellslínu 1, þarf að færa legu Hamraneslínu til bráðabirgða.

Breytt legu Hamraneslína 1 og 2 fer í gegnum tvær jarðmyndanir. Ofan Skarðshlíðar og á Hamranesi er línan á grágrýtisfláka, svokölluðu Reykjavíkurgrágrýti, sem þekur mestan hluta yfirborðs alls höfuðborgarsvæðisins. Næst tengivirkinu í Hamranesi, á um 370m kafla, fer línan yfir Hellnahraun. Hraunið er talið vera frá sögulegum tíma og að það hafir runnið um árið 950. Eldhraun sem mynduðust eftir lok síðustu ísaldar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og skal forðast að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Nýtt 525m<sup>2</sup> mastrastæði verður upp við tengivirkið í Hamranesi en að öðru leyti verður hraunbreiðinni ekki raskað. Í gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar er skipulagt að hraunið austan við línustæðið fari undir göngu- og hjólastíga og byggingarsvæði fyrir verslun, þjónustu og samfélagsþjónustu.

Hamranesið er að mestu þakið lúpinu og mun fara undir byggð í framtíðinni. Næst tengivirkinu fer línan yfir mosavaxið hraun en rask á hrauninu verður í lágmarki, einungis eitt mastrastæði upp við tengivirkið. Áhrif sem hljóta af framkvæmdinni eru að mestu leyti staðbundin og afturkræf sökum þess að einungis er um tímabundna framkvæmd að ræða. Færsla Hamraneslína 1 og 2 er hönnuð með tilliti til þess að halda raski í lágmarki og þar með á mosavöxnu hrauni. Hluta svæðisins hefur þegar verið raskað með efnistöku og helsta raskið vegna framkvæmdarinnar verður á svæði sem er skipulagt að raska í framtíðinni. Núverandi slóða á svæðinu er hægt að nýta að miklu leyti og þannig lágmarka rask enn frekar. Þegar horft er til þessara þátta eru áhrif framkvæmdarinnar á gróður metin óveruleg.

Fuglalíf á svæðinu er að öllum líkindum frekar rýrt og fábreytt miðað við þær vistgerðir sem þar er að finna, rask er í algjöru lágmarki og áflugshætta minnkar með tilkomu breyttra mastragerða. Þær tegundir sem búast má við að séu á svæðinu eru allar algengar á Íslandi og því eru áhrif af færslu á Hamraneslínu 1 og 2 á fuglalíf metin óveruleg.

Áhrif á landnotkun og ásynd eru metin verulega jákvæð og áhrif á samfélag metin óverulega jákvæð.

Ekki er vitað um formninjar á svæðinu.


Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna væntanlegrar legu Ásvallabrautar þann 22.8.2018, breytingin kemur fram á meðfylgjandi upprætti.

Að öðru leyti er vísað til greinargerðar með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu á færslu Hamraneslína 1 & 2, dags. 23. maí 2018, hvað varðar umhverfismat og lýsingu á tilhögun framkvæmda og er hún hluti aðalskipulagsbreytingar þessarar.




Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæðinu og aðliggjandi byggð

### FYRIR



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 1:15.000  
Staðfest af skipulagsstofnun 10.07. 2014  
Með áorðnum breytingum.

### EFTIR




Breytt landnotkun — Mörk breytinga 1:15.000

### Skýringar:

M	Miðbær, miðsvæði
Vp	Verslunar- og þjónustusvæði
S	Samfélagsþjónusta
I	Iónaðarsvæði
AT	Athafnasvæði
IB	Íbúðarsvæði
H	Hafnarsvæði
F	Svæði fyrir frístundabyggð
K	Kirkjugarðar og grafreitir
E	Efnistöku- og efnislosunarsvæði
IB	Íþróttasvæði
OB	Óbyggð svæði
AF	Afþreyingar- og ferðamannasvæði
	Skipulagi frestað
SL	Skógærktar og landgræðslusvæði
OP	Opin svæði
V	Vötn, ár og sjór
FS	Fríðlyst svæði
ON	Önnur náttúruverndarsvæði
HV	Hverfisvernd (hvít fyrstrikun)
R	Fríðlystar formninjar
VB	Vatnsbólsvæði
VG	Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II)
VF	Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III)
VA	Bráðabirgða þjónungarsvæði álvers sett af Hóllustuvernd ríkisins 1997
	Svæði takmarkaðrar ábyrgðar, greinargerð 2.2.6 Iónaðs Sveitarfélagsmörk
	Stofnbrautir
	Stofnbraut, jarðgöng
	Tengibrautir
	Safngötur, sýndar að hluta v/tinginga
	Mislæg gathamót
	Undirgöng / brú
	Göngu- og hjólaleiðir
	Reiðleiðir
	Útivistarstigar
R	Háspennulína
R	Jarðstrengur
V	Aðveittuð vatnsveitu
H	Aðveittuð hitaveitu
F	Frárennslí
	Varnargarðar
	Þéttbýlismörk
R	Tengivirki
S	Spennistöð

## BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025

SVÆÐI: HAMRANES - BREYTING Á TÍMABUNDINNI LEGU HAMRANESLÍNA 1 OG 2 VIÐ SKARÐSHLÍÐ



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSÞJÓNUSTA  
HAFNARFJARÐAR

08.08.2018/Lagfært 27.12.2018

ÞORMÓÐUR SVEINSSON